

Bjórhatíð Ölverk fór vel fram um helgina

Bjórhatíð Ölverk fór fram um helgina í Hveragerði. Hátt í 3000 manns létu sjá sig. Framleiðendur og vörumerki voru 32 á hátíðinni í ár, af öllum stærðum og gerðum og komu þau alls staðar af landinu. Hátíðin gekk vonum frammar.

Í skýjunum með helgina

„Í einu orði sagt gekk frábærlega og erum við ennþá í skýjunum með þessa helgi. Það er ekki sjálfsagt að það sé svo gott sem uppselt á hátíð sem þessa og þess vegna erum við afar hamingjusöm og þakklát fyrir þessar frábæru móttökur sem bjórhatíð Ölverk fékk núna um síðastliðna helgi. Þetta var í fimmta sinn sem við höldum þessa bjórhatíð, en við höldum hana fyrst árið 2019 og er hún alltaf fyrstu helgina í október. Það er mikil vinna og tími sem fer í það að setja saman svona hátíð og eru allir þeir fjölmörgu yndislegu aðstoðmenn sem að hátíðinni koma orðnir mjög kunnugir þeim reipum sem þarf að toga í svo að svona hátíð geti orðið að veruleika. Við leggjum alltaf mikla áherslu á að stemmingin sé létt og skemmti-

leg, fáum til okkar afar fjölbreyttan og skemmtilegan hóp af áfengisframleiðendum alls staðar af landinu. Við bjóðum upp á ljúffengan mat á Ölverk Pop-up matsölu, bjóðum upp á glimmer-andlitsmálningu og fáum þaulreynda blómaskreyta þær Blómdísi og Jóndísi til þess að skreyta allt gróðurhúsið og höldum meira að segja Steinholding bruggara-kraftakeppni!“ segir Laufey Sif Lárusdóttir, einn eiganda Ölverks, í samtali við Dagskrána.

Líkt og síðustu ár voru vel valdir tónlistamenn sem spiluðu á hátíðinni en í ár voru það Páll Óskar, Úlfur Úlfur, FM Belfast og DJ Danni Deluxe sem spiluðu fyrir dansi til miðnættis bæði kvöldin.

Eina bjórhatíðin á Íslandi í gróðurhúsi

Laufey segir hátíðina ekki endilega vera stærstu bjórhatíðina á Íslandi. „En þetta er eina bjórhatíðin sem fer fram í funheitu gróðurhúsi með blómaskreytingum í hverju horni. Íslenskir bjór- og drykkjarsælkerar eru mjög heppnir að hafa síðustu ár haft aðgang að allt að fjórum



Ljósmynd: Dagný Dögg Steinþórsdóttir.

bjórhatíðum yfir árið en hver og ein þeirra er algjörlega einstök og nauðsynlegt að prófa að mæta á sem flestar hátíð - hvort sem það er á Bjórhatíð Ölverk, Bjórhatíð The Brothers Brewery, Bjórhatíð Lyst and Bjórhatíðin á Hólum.

Hátíðin komin til að vera

Laufey segir hátíðina vera konna til að vera. „Mæting á þessa hátíð er orðin að hefð hjá stórum hópi af fólki og svo höfum við Elvar Prastarson, eiginnmaður minn, líka mjög gaman af því að hitta alla þessa frábæru

bjór og drykkjaframleiðendur sem við köllum vini okkar. Við skemmtum okkur alltaf mjög vel saman og tel ég að gestir hátíðarinnar finni klárlega vel fyrir hinum góða anda sem ríkir á milli allra þessa framleiðanda sem á hátíðina koma.“ EHV

Elliði vill hætta við byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, leggur til að hætta verði við byggingu nýrrar Ölfusárbrúar. Hann segir betra að bæta veginn um Þrengsli og að Eyrarbakkevegur verði sveigður suður fyrir Selfoss.

Kemur þetta fram í aðsendlri grein Elliða á Vísi.is.

Háværar raddir hafa heyrst undanfarið um smíði nýju brúarinnar. Áætlaður kostnaður er um 14 milljarðar króna.

„Með því að bæta veginn um Þrengsli og sveigja Eyrarbakkeveg suður fyrir Selfoss verður til greiðfær leið sem gerir nýja brú yfir Ölfusá óþarfa. Kostnaðurinn við vegabæturnar verður aldrei nema brot af verðmiða brúarinnar,“ segir Elliði í grein sinni.

„Ekki aðeins sparast gríðarlegir fjármunir með því að hætta við brúarsmíðina, heldur þarf hvort sem er að bæta Þrengsla-

veg til muna. Hann er of mjög og í raun hættulegur miðað við þá vaxandi umferð sem um hann fer vegna aukinna umsvifa í Þorlákshöfn. Þá mun bættur vegur um Þrengsli aðskilja þann hluta umferðarinnar sem er á leið austur fyrir Selfoss frá þeim hluta sem er á leið í Hveragerði, Selfoss eða uppsveitir Suðurlands með auknu öryggi og aðgengi.“



Fáðu
fagmann
í verkið

Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN

Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Elsku mamma mín, dóttir okkar, systir, mágkona og barnabarn,

EYRÚN EVA GUNNARSDÓTTIR, Álalæk 6, Selfossi,

lést 28. september á líknardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í faðmi fjölskyldu og vina. Útförin fer fram frá Selfosskirkju mánudaginn 14. september klukkan 13.



Dómald Gunnar Danielsson
Anna Pálína Guðmundsdóttir **Gunnar Sigurðsson**
Guðmundur H. Úlfarsson
Hugrún Hlín Gunnarsdóttir **Marvin Helgi Magnússon**
Haukur Snær Gunnarsson
Sólveig Árnadóttir



Við þökkum innilega samúð og hlýhug sem okkur var sýndur við andlát móður okkar og tengdamóður,

Jónu Ásmundsdóttur

til heimilis að Seftjörn 12 Selfossi, áður að Holti, Flóa,



sem lést þriðjudaginn 10. September á hjúkrunarheimilinu Móbergi, Selfossi. Útför hennar fór fram frá Selfosskirkju 18. september.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Vinaminnis, dagdvöl fyrir heilablaða og til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Móbergs fyrir hlýlegt viðmót og kærleiksrika umönnun móður okkar síðustu æviár hennar.

Unnur Jónsdóttir,
Ásmundur Jónsson **Ufuoma Overo-Tarimo,**
Guðlín Katrín Jónsdóttir,
Ingvaldur Björg Jónsdóttir **Þorvaldur E. Sigurðsson,**
Ingibjörg Jónsdóttir **Ólafur Unnarsson**
Sigurgrímur Jónsson **Carolin Parusel**
og fjölskyldur

Hveragerði - Gervigrasvöllur, yfirborð og lagnir

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið

Hveragerði - Gervigrasvöllur, yfirborð og lagnir.



Útboðsverkið felst í jarðvinnu við frágang á yfirborði og lagnir í jörð vegna gervigrasvallar og svæða undir komandi vallarlýsingarmöstur.

Helstu magnþölur eru:

- Þjöppun núverandi fyllingar 11.750 m²
- Jarðvinna vegna lagna 1.595 m
- Fráveitulagnir 450 m
- Vatnslagagnir 670 m
- Snjóbræðslulagnir 42.400 m
- Raflagnir 1.400 m
- Nýtt malbik 1.240 m²

Útboðsgögn eru öllum aðgengileg með rafrænum hætti, án endurgjalds á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á vefslóðinni <https://vso.ajoursystem.net/> frá og með miðvikudeginum 8. október 2024 kl.14.:00. Tilboðum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en **fimmtudaginn 24. október kl. 14:00**

Vetrartónar í Stokkseyrarkirkju

Vetrartónar er ný tónleikaröð sem fer fram í Stokkseyrarkirkju. Tónleikarnir verða sex talsins en þeir fyrstu fóru fram í byrjun september þegar Kór Íslendinga í Hollandi flutti ættjarðarsöngva. Tónleikarnir voru jafnframt dagskrárliður á menningar- og uppskeruhátíðinni Haustgildi og voru vel sóttir. Í tilefni Menningarmánaðarins október í Árborg verða næstu tónleikar Vetrartóna með afar sérstöku sniði. Þriðjudagskvöldið 15. október kl. 20:00 mun hinn virti og rómaði tónlistarhópur Nordic Affect flytja þjóðlaga- og barokktónlist er tengist hafinu. Selshamur, fárviðri, hafballaða og margt fleira kemur við sögu en sérstakir gestir verða Ian Wilson blokkflautuleikari og Eyjólfur Eyjólfsson söngvari og langspilsleikari sem einnig er listrænn stjórnandi Vetrartóna.

Efnisval tónleikaradarinnar er fjölbreytt og metnaðarfullt. Sérstök áhersla er lögð á tón-

listararf strandarinnar og eru flytjendur tónleikaradarinnar margir af fremsta tónlistarfólki landsins. Hjólin Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzó-sópran og Francisco Javier Jauregui gítarleikari flytja íslenska og spænska söngva 23. nóvember kl. 17. Hinar góðkunnu söngkonur Hallveig Rúnarsdóttir og Hildigunnur Einarsdóttir flytja blandaða söngdagskrá 18. janúar kl. 17 ásamt Péttri Nóa Stefánsyni organista. Torfhúsadrottningin, tónskáldið, kvikmyndagerðarkonan og söngkonan Kira Kira ásamt Strandvörðum sálarinnar kalla fram seiðmagnaða tóna á Valentínusardaginn 14. febrúar kl. 20. Lokatónleikar Vetrartóna verða 10. apríl kl. 20 þegar Stokkseyringurinn og sópransöngkonan Kristína G. Guðnadóttir og Ester Ólafsdóttir orgel- og píanóleikari flytja þekktar óratóriuáriur og hinn gullfallega lagaflokk Söngvar úr Ljóðaljóðum eftir Pál Ísólffsson.

Tónleikaröðin er liður í starfi Stokkseyrarkirkju að bjóða fólk velkomið til kirkju og njóta fallegs og uppbyggilegs tónlistarflutnings á myrkustu mánuðum ársins. Aðgangur er ókeypis á alla tónleika Vetrartóna en tónleikagestum stendur til boða að leggja til frjáls framlög sem renna beint til tónlistarfólksins. Tónleikaröðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



VETRARTÓNAR 2025
STOKKSEYRAR KIRKJU

STJÓRNANDI EYJÓLFUR EYJÓLFSSON

LAUKÓR ÍSLENDINGA 7. SEP 17:00
HOLLANDI

LAU RÚNARS 18. JAN 17:00
DÓTTIR EINARS
PETUR NÓI STEFÁNSSON

PRINORDIC 15. OKT 20:00
AFFECT

FÖSKIRA KIRA 14. FEB 20:00
STRANDVÖRÐIR SÁLARINNAR

LAUGUÐRÚNÓ 23. NOV 17:00
ÓLAFSDÓTTIR FRANCISCO
JAVIER JAUREGUI

FIMKRISTÍNA G. 10. APR 20:00
GUÐNADÓTTIR ESTER ÓLAFSDÓTTIR

SKRANÁÆTLUN SUÐURLANDS TÓNLISTARSÁÐI ÁRNEINGA

Undurfagrir fiðlutónar í Hveragerðiskirkju

Sunnudaginn 13. október kl. 16 verða tónleikar með yfirskriftinni Undurfagrir fiðlutónar haldnir í Hveragerðiskirkju. Verkefnið er styrkt af SASS og er á vegum Fiðlufjors þar sem fiðluleikarinn Chrissie Telma Guðmundsdóttir og píanóleikar-

inn Einar Bjartur Egilsson halda tónleika með skemmtilegri efnisskrá. Sérstakur gestur tónleikanna er Selyfssingurinn Elísabet Anna Dudziak fiðluleikari sem stundar framhaldsmenntun í Danmörku. Þetta eru fyrstu tónleikar verkefnisins Undurfagrir

fiðlutónar. Verkefnið felst í því að bjóða nemanda sem er enn í námi að halda opinbera tónleika með tónlistarfólki eins og Chrissie og Einari ásamt því að aðstoða við að raða saman efnisskrá og skipuleggja æfingar og markaðssetningu.



NÝJAR ÍBÚÐIR TÍVOLÍREITUR HVERAGERÐI

 **JÁVERK**

Elín Kára
löggiltur fasteignasali
483-5800

**BYR**
FASTEIGNASALA





Sólheimajökull hopar um 11 metra milli ára

Fimmtudaginn 26. september fór 7. bekkur Hvolsskóla í árlega ferð að Sólheimajökli að mæla hop jökulsins. Farið var frá Hvolsskóla klukkan 8:30 að morgni og komið að Sólheimajökli klukkutíma seinna. Byrjað var að fá sér ávexti og síðan gengið að stóru skilti þar sem fyrsti GPS-punkturinn er og tekin hópmynd. Síðan var

gengið að næsta GPS-punkti, sem var rétt hjá lóninu. Mættir voru tveir menn frá björgunarsveitinni Dagrenningu á Hvolsvelli með bát. Björgunarsveitarmennirnir sigldu með fjóra til fimm nemendur í einu að jökulsporðinum og tóku GPS punkt. Í ljós kom að vegalengd að jökli er 700 metrar en var 711 metrar í fyrra, sem þýðir að jökullinn

hopaði um 11 metra. Þessar mælingar byrjuðu árið 2010 en þá voru 318 metrar að jöklinum. Hann hefur því minnkað um 382 metra frá upphafi mælinga. Í fyrra, árið 2023 ýttist jökullinn fram um 52 metra í fyrsta skipti.

Fréttin er unnin af nemendum 7. bekkjar Hvolsskóla.

64 umsóknir um sex íbúðarhúsalóðir á Borg

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps í gær, þann 2. október, úthlutaði sveitarstjórn lóðum í fyrsta áfanga nýrrar byggðar vestan við Borg. Gatnagerð á svæðinu er að mestu yfirstaðin og lokafrágangur við götur og lýsingu í fullum gangi þessa dagana.

“Virðilega gleðilegt er að segja frá því að 64 umsóknir bárust um sex lóðir og bindum við því vonir við að lóðarhafar hefji framkvæmdir á sínum lóðum með haustinu,” segir í tilkynningu frá sveitarstjórninni.

Líkur eru á að nýja byggðin verði mikil lyftistöng fyrir þétt-



býlið á Borg og sveitarfélagið allt.

“Viðræður eru hafnar vegna byggingarreits á Miðsvæði og

verður gaman að segja nánar frá framvindu þeirra þegar fram í sækir,” segir einnig í tilkynningunni.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800

Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson,

sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Elín Hrönn Jónsdóttir,

sími 856 0673, hronn@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944,

auglýsingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag

5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir

hádeggi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur

austan Hellisheiðar. Dagskráin

er aðili að samtökum bæjar-

og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Upp hann fóstrar Ingunn Brá,
einn í plús er spendýr.
Bráðum konan barnið á,
bóndinn fóðrar lömbin smá.

Svar við gátu í blaði 2772: **BELGUR**

- Loftbelgur - 2. Lóða/línubelgur festur við veiðarfæri
- Fýsibelgur í eldsmiðu - 4. Istrubelgur



Sunnlenski matgæðingurinn



Guðbjörg Rósa Björnsdóttir er
matgæðingur vikunnar.

Ég vil þakka fyrir áskorunina
og deili hér uppskrift að ein-
földu og góðu pasta.

Heimsins besta og einfaldasta pasta

350 ml hvítvín + eitt glas fyrir
kockinn

350 g smjör (kalt skorið í
teninga)

100-200 g rifinn pames-
anostur

Rjómi, salt og pipar eftir
smekk.

Ferskt pasta með fyllingu
(best ef það er heimatilbúið
en þá er þetta ekki lengur
einfalt)

Hvítvín soðið niður um helm-
ing, smjóri bætt út í í smá
skömmtum og hrært vel í á
meðan það bráðnar, næst er
pamesanostinum skellt saman
við, svo rjóma, salti og pipar
þar til ykkur finnst sósan full-
komin.

Sjóðið pastað. Þegar pastað
er tilbúið er því skutlað út í
sósuna. Smart er að setja litla
skorna tómata og basil yfir.

Borið fram með góðu
brauði og ekki er verra að hafa
hvítvín með.

Ég verð að láta fylgja uppskrift
að sjúklega góðum snúðum
sem fáir geta staðist.

Sjónvarpskókusnúðar

700 g hveiti

1,5 tsk. salt

4 tsk. þurrger

80 g sykur

4 dl volgt vatn

1 dl jurtaolía

Ég þakka fyrir áskorunina og langar að skora á mína góðu vin-
konu Guðjónu Björk Sigurðardóttur að koma með næstu upp-
skrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Fylling:

3 msk. sykur

3 msk. púðursykur

1 msk. kanill

Kókostoppur:

100 g smjör

200 g púðursykur

70 ml mjólk

150 g kókosmjöl

Öllum þurrrefnum blandað
saman í hrærivélaskál, vökv-
anum hellt út í. Hnoðið rólega
í 2-3 mín og svo aðeins hraðar
í 2 mín. Látið deigið hefast í 30
mín. Næst er að fletja út deig-
ið, strá sykurbloðunni yfir og
rúlla upp. Skerið í hæfilega
stóra snúða, látið hefast í 35-
45 mín. Gott er að gera kók-
ostoppinn á meðan snúðarnir
eru að lyfta sér. Bræðið smjör
púðursykur og mjólk saman
í potti við meðalhita. Passa
að sykurinn sé vel bráðnaður,
bætið svo kókosmjölinu út í.

Hitið ofninn í 200 gráður.
Bakið snúðana í 5-6 mínútur.
Þá eru þeir teknir út og kókos-
toppur settur á hvern snúð og
bakað aftur í 5-8 mín.

Verið ykkur að góðu.



DAGAR TIL JÓLA

SÝNING Á SELFOSSI 11. OKTÓBER

TÖLUM UM LEXUS

UPPLIFÐU OG REYNSLUAKTU GLÆSILEGUM LEXUSBÍLUM.

Lexus býður til sýningar hjá Toyota Selfossi föstudaginn 11. október kl. 14-18. Starfsmenn Lexus verða á svæðinu, gefa góð ráð og upplýsa um allt það nýjasta frá Lexus. Léttar veitingar í boði.

LEXUS NX 450h+

PLUG-IN HYBRID

RZ450e

100% RAFMAGN

LEXUS RX 450h+

PLUG-IN HYBRID

LBX

HYBRID

Nýjasta viðbótin í Lexusfjölskylduna.
Bíll ársins hjá What car? 2024.

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Kynntu þér nýja kynslóð heyrnatækja

Verðum á Selfossi
Heyrnamælingar fyrir 18 ára og eldri,
þjónusta og stillingar á heyrnatækjum.

Grænumörk
miðvikudaginn 23. október 2024

TÍMAPANTANIR 534-9600

534-9600 www.heyirn.is Hlíðasmára 19, 2. hæð, 201 Kópavogur

Sýning á verðlaunum Sigfúsar Sigurðssonar á Bókasafni Árborgar

Þriðjudaginn 1. október opnaði sýning á bókasafni Árborgar með verðlaunagripum Ólympíufarans Sigfúsar Sigurðssonar.

Sigfús keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í London 1948 og var fyrsti Ólympíufari Umf. Selfoss. Þar keppti hann í kúluvarpi þar sem hann komst í úrslit og lenti í 12. sæti. Sigfús varpaði kúlunni 13,66 metra í úrslitakeppinni

en 14,49 í undankeppinni. Hann var einn af frumkvöðlum ífróttaupbyggingar á Selfossi og formaður Ungmennafélags Selfoss um árabíl og var seinna gerður að heiðursfélaga þess.

Tvö af börnun Sigfúsar, Einar og Margrét, voru viðstödd afhöfnina og sögðu þau mikilvægt að varðveita verðlaun föður síns svo þau glattist ekki. Telja þau Selfoss vera góðan stað í þá varðveislu. Upphaflega voru

verðlaunin til sýnis í Tíbrá en í tilefni Menningarmánaðarins október var ákveðið að setja sýninguna upp á bókasafninu.

Fjöldi fólks mætti á opnun sýningarinnar. Nokkrir tóku til máls og ræddu um árangur Sigfúsar og þýðingu hans fyrir ífróttasamfélagið á Selfossi, ásamt því að þakka fyrir að fá að varðveita verðlaunin hans. Í lok athafnar var boðið upp á köku og kaffi fyrir alla gesti.



Auka lestrarfærni barna með sumarlestri

Síðustu þrettán ár hefur verið Sátaksverkefni í lestri í Þjórsárskóla þar sem markmiðið er að auka lestrarfærni og lestrargleði barna með því að hvetja þau til þess að lesa sem oftast heima yfir sumarið og þar með viðhalda þeim framförum sem þau hafa náð yfir veturinn. „Í ár var metþáttaka og er gaman að

segja frá því að allir nemendur á yngsta stigi tóku þátt og margir af miðstigi,“ segir í tilkynningu frá skólanum. Að hausti er veitt viðurkenning fyrir þátttöku í verkefninu. Þetta árið fengu nemendur verðlaunapening, bíómiða og viðurkenningarskjal.



Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einestök upplifun á adventunni í hlýlegu umhverfi.

Jóla kvöldverður 14.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

21.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi

26.700 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jóla kvöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

29. og 30. nóvember

6. og 7. desember

13. og 14. desember

Nánari upplýsingar

og borðapantanir á
info@eldhestar.is



KÓTELETTU KVÖLD Í ÞINGBORG 2024



Hið stórskemmtilega Kótelettukvöld verður haldið á vetrar-
daginn fyrsta í Þingborg laugardagskvöldið 26. október nk.

Húsið verður opnað kl. 19.30. Hátíðin sett kl. 20.00.

**Allur ágóði rennur til Flóamannabókar,
næst kemur Villingaholtshreppurinn út.**

Þingborg tekur 200 manns í sæti, gott
að panta miða sem fyrst! Þið eruð öll
hjartanlega velkomin meðan húsrúm
leyfir. Takið afstöðu sem fyrst og verið
með á skemmtilegu kótelettukvöldi.



Miðaverð 8.000 kr.

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir - s. 894 4448 - grenigrund(hja)islandia.is

Sigmundur Stefánsson - s. 898 6476 - sigmundurstef(hja)gmail.com

Aðalsteinn Sveinsson - s. 860 7714 - adalsteinnkolsholti(hja)gmail.com

Skemmtidagskrá

Borðhald:

- Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé íslenska bóndanum).
- Eftirréttur: Kjörís og kaffi.
- Gos, rautt og hvítt og bjór selt af bar



Skemmtidagskrá:

- Guðni Ágústsson verður veislustjóri
- Ísólfur Gylfi Pálmason slær á léttu strengi, syngur og segir sögur
- Trío Guðlaugar Drafnar Ólafsdóttur frá Glóru ásamt þeim Vigni Stefánsyni og Jóni Rafnssyni flytja mjúk og seiðandi sönglög úr ýmsum áttum.
- Happdrætti kvöldsins!

Vinningar: Forystugimbur frá Ytra-Álandi,

Hótel Vík Mýrdal gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður og „Hótel Ævintýri“ gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður.



INGÓLFSSKÁLI
VIKING RESTAURANT

Jólahlaðborð 2024

Ingólfsskáli býður í sannkallaða jólaveislu í nóvember

Jólahlaðborð Ingólfsskála er sannkölluð hátíðarveisla og við hlökkum til að taka á móti þér og þínum í hátíðarskapi.

Jólahlaðborðið er tilvalið fyrir fjölskyldur, vinahópa eða fyrirtæki til þess að gera sér glaða stund og njóta aðdraganda jólanna í töfrandi umhverfi.

Eftirfarandi dagsetningar eru í boði:


Fös. 22. nóv. - Lau. 23. nóv. - Fös. 29. nóv. - Lau. 30. nóv.

Borðapantanir í síma 662 3400

eða með tölvupósti á ingolfsskali@ingolfsskali.is

Vel heppnuð Bjórhátíð Ölverk

Myndir: Dagný Dögg Steinhórsdóttir





Ný Selfossbrú yfir Ölfusá – bruðl eða skynsemi?

Undanfarið hefur ný Selfossbrú yfir Ölfusá verið fréttæfni, ekki eingöngu vegna tafa, veggjalda eða vöntunar á ríkisábyrgð heldur vegna byggingarkostnaðar hennar. Fyrrum samgönguráðaherra ásamt samflokksmanni sínum, þingmanni Suðurlandsþingsins ríðu á vaðið með sameiginlegri grein í Morgunblaðinu í haustbyrjun sem bar yfirskriftina „Samgöngumál í ógöngum“ þar sem félagarnir fullyrða að bygging nýrrar brúar yfir Ölfusá sé dæmi um óráðsú, bruðl og óþarfa flottheit. Þeir segja svo stagbrúna sem ætlað er að reisa kosta a.m.k. 10 milljarða og að vel hægt sé að brúa ána á þessum stað fyrir mun minna fé eða 3 til 3,5 milljarða króna og vísa til reynslumikla aðila máli sínu til stuðnings.

Ölfusá, hættulegasta flóðaá landsins

Meðalrennsli Ölfusár er 384 m³/sek og reglulega koma flóð í þessa vatnsmestu og hættulegustu flóðaá landsins sem ná allt um eða yfir 2000 m³/sek rennsli. Mesta mælt rennsli í ánni mældist 2620 m³/sek, þann 29. febrúar 1968. Þegar flóð eru stærri en 1500 m³/sek flæðir áin yfir bakka sína.

Sjá mynd 1.

Vatnshæð við vatnshæðarmæli 064 við Selfoss neðan gömlu Ölfusárbrúar er við meðalrennsli 10 m.y.s. en við 1400 m³/sek rennsli er vatnshæðin 12,5 m.y.s., í báðum tilvikum helst áin í farvegi sínum. Í flóðinu 1968 þegar áin flæddi yfir bakka sína er áætlað að vatnshæð við mælinn hafi verið 13,74 m.y.s eða tæpum 4 metrum hærri en við meðalrennsli. Hve há vatnstaðan verður við 3000 m³/sek ofsaflóð er ekki til nein spá sem ég veit um en ekki er ólíklegt að hún verði á bilinu 13,8-14,0 m.y.s við mælinn.

Mögulegar brúartegundir

Aðstæður til brúargerðar yfir Efri Laugardælaeyju eru um margt sérstakar. Hvítá/Ölfusá er hættulegasta flóðaá landsins með eða án jakaburðar, grundunaraðstæður eru mismunandi á vestri og eystri bakka hennar og hún er staðsett á virku jarðskjálftasvæði og líklegt þykir að hún þveri jarðskjálftasprungu. Brúin þarf því að standa hátt í landinu og standast jarðskjálfta stærri en Mw6,5. Heildarlengd brúarinnar er 330m og það er mögulegt að brúa ána með einni eða tveim brúm vegna eyj-

Tómas Ellert Tómasson

Byggingaverkfræðingur og fyrrv. bæjarfulltrúi Miðflokksins í Svf. Árborg



unnar sem er mitt á milli bakkanna.

Ýmsar mögulegar brúartegundir eru þekktar til að brúa slík höf sem um ræðir í tilvikum nýrrar Selfossbrúar yfir Ölfusá, byggðar upp með steypu eða stáli. Þar má helst nefna hengibrýr, stagbrýr, bogabrýr, bitabrýr og grindarbrýr. Brýr með undirstöðum í árfarvegnum koma lítt eða ekki til greina s.s. stöplabrýr með eða án jarðvegsfyllinga líkt og Borgarfjarðarbrú þar sem slík lausn myndi auka líkur á krapastíflum og einnig eru slíkar brýr ekki hentugar á jarðskjálftasvæðum.

Samanburður á raunkostnaði mismunandi brúartegunda


Árið 2013 kom fram rannsókn sem byggð var á reynslutölum kostnaðar fyrir mismunandi brúargerðir. Í rannsókninni voru teknar saman raunkostnaðartölur 300 brúa og þær bornar saman mtt. haflegda. Auk þess voru settar upp emþírískar jöfnur sem nota mætti til að auðvelda ákvarðanatöku um hvers konar brúargerð væri hagkvæmast að byggja eftir því hverjar haflegdir þeirra væru. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðunum er hagkvæmasta tegund brúar með sömu haflegd og nýja Selfossbrúin yfir Ölfusá, stagbrú.

Áætlaður kostnaður við gerð 330m stagbrúar liggur á bilinu 7-8 milljarða króna að sögn Vegagerðarinnar. Ef við gerum ráð fyrir því að kostnaðurinn við stagbrúna verði 8 milljarðar að þá má gera ráð fyrir því að tvær bogabrýr sem spanna hvor um sig (til einföldunar) 165m sé 10,6 milljarðar króna eða 33% dýrari lausn en ein 330m stagbrú.


Sjá mynd 2.

Val Vegagerðarinnar á stagbrú yfir Efri Laugardælaeyju er því eins og sjá má ekki byggð á óráðsú og bruðli heldur skynsemi. Allt tal um montbrú, minnisvarða eða óþarfa flottheit eru því úr lausu lofti gripnar. Hér er eingöngu um að ræða skynsamlega og hagkvæma lausn sem vill bara svo til að verður stórglæsilegt kennileiti fyrir Selfossbæ og nágrenni um ókomna tíð.

Höfundur lauk námi með BSc. gráðu byggingartekniþræði á burðarþolssviði árið 1999 við Tækniháskóla Íslands og M.S.C.E. gráðu í byggingaverkfræði á burðarþols- og jarðskjálftasviði við University of Washington, Seattle árið 2002



Mynd 1. Reiknuð og mæld hæstu flóð við vatnshæðarmæli 064 við Selfoss.



Mynd 2.

Flugvöllur í Hvassahrauni eða Árborg?

Staðsetning nýs flugvallar hefur lengi verið í umræðunni. Þar hafa nokkur svæði verið nefnd sem álitlegir kostir til að þjóna innanlandsflugi, alþjóðaflugi, vöruflytningum og sem varaflugvöllur fyrir Keflavík. Horft hefur verið til Hvassahrauns en einnig svæða á Suður- og Vesturlandi. Í ljósi eldsambrota og óvissu á hluta Reykjaness er umræðan

um varaflugvöll jafnframt orðin meiri og ekki óeðlilegt að velta upp mögulegum staðsetningum.

Flugvallarstaði í Árborg

Þegar breski herinn kom hingað fyrst til landsins á stríðsárunum byggði hann upp flugvöll í Kaldadarnesi við bakka Ölfusár, milli Selfoss og Eyrarbakka. Það er engin tilviljun að þessi staðsetning

varð fyrir valinu, en eftir flóð í ánni 6. mars 1943 fluttu þeir starfsemi að mestu til Keflavíkur, þar sem alþjóðaflugvöllurinn er enn í dag.

Staðsetning á nýjum flugvelli í Árborg hefur oft komist inn í umræðuna og á árunum 2019-2021 fór fram skoðun á því hvort svæði í svokallaðri „Stokksarmýri“ gæti verið hentugt

undir einnar brautar flugvöll líkt og þekkist víða erlendis. Sú takmarkaða skoðun gaf jákvæð fyrirheit hvað veður, jarðlög og hljóðvist varðar. Þó ætti eftir að gera margar rannsóknir áður en svæðið yrði samþykkt undir flugvöll. Slíkt ferli tekur nokkur ár og því mætti segja að orð séu til alls fyrst ef hefja á slíka vegferð í alvöru.

geti verið gríðarlegt tækifæri fyrir land og þjóð. Sterkir innviðir eru stutt frá, öflugir þjónustukjarnar, atvinnusvæði sem býður upp á rými til uppbyggingar og hugmyndir um auknar samgöngur í gegnum Ölfus og við Selfoss falla vel að staðsetningunni. Slík breyting má þó aldrei hafa neikvæð áhrif á aðra innviðaupbyggingu á svæðinu líkt og nýja Selfossbrú yfir Ölfusá.

Vert er að benda á að vinna við rannsóknir, umhverfismat og fleira í upphafsferlinu þarf ekki að vera á vegum hins opinbera heldur í höndum áhugasamra aðila sem sjá tækifæri í aukinni samgöngubót bæði innanlands sem og til og frá Íslandi. Flugvöllur í Árborg ætti því að vera áfram í umræðunni, og jafnvel framar en aðrir þeir kostir sem ræddir hafa verið til þessa.

Bragi Bjarnason, bjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Böðmóðsstaðir; Bjarkarhöfði L167731; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2405092

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. október 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar í landi Bjarkarhöfða úr landi Böðmóðsstaða. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í landbúnaðarsvæði í takt við skráningu landsins skv. lögbylaskrá.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. Útey 2 L167648; Skilgreining svæða í frístundabyggð; Deiliskipulag - 2409046

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. október 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæða F110, F111, F112 og F113 innan jarðar Úteyjar 2. Innan deiliskipulagsins eru skilgreind 4 mismunandi svæði. Lyngheiði þar sem skilgreindar eru 5 lóðir. Brúsholt þar sem skilgreindar eru 6 lóðir. Bleiksholt þar sem skilgreindar eru 8 lóðir og Tjarnholt þar sem skilgreindar eru 12 lóðir. Allar lóðir innan skipulagsins eru skilgreindar 7.500 fm og miðast byggingarmagn innan þeirra við hámarksnýtingarhlutfall 0,03 og innan þess má byggja frístundahús, 40 fm gestahús og 15 fm skemmu.

3. Hæðarendi lóð L168825; Athafnasvæði; Deiliskipulag - 2409031

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. október 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til iðnaðarsvæðis I11 í landi Hæðarenda í Grímsnes- og Grafningshreppi. Á svæðinu fer fram vinnsla á kolsýru/koltvísýringi úr vatni sem dælt er upp úr borholum í nágrenninu. Innan skipulagsins eru skilgreindar heimildir sem taka til uppbyggingar iðnaðarhúss til kolsýruvinnslu allt að 300 m² að stærð auk millilofts yfir hluta. Auk þess verði heimilt að viðhalda og stækka núverandi vinnsluhús um allt að 100 m². Mænishæð þessara húsa skal ekki yfirstíga 7.5 m frá gólfplötu. Heimilt verði að byggja aðstöðuhús fyrir starfsfólk og skrifstofu allt að 70 m². Mænishæð mest 6.0 m. Heimilt verði að reisa tanka, allt að 8 metra háa til geymslu á afurðum stöðvarinnar.

4. Villingavatn bátaskýli L237203; Bátaskýli; Deiliskipulag - 2408067

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. október 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til skilgreiningar á byggingarheimildum fyrir geymsluhúsnæði/skemmu á lóð Villingavatns bátaskýli L237203.

5. Hrafnkelsstaðir 3 L166764; Skilgreining lóðar og byggingarreits; Deiliskipulag - 2409030

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. október 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem nær yfir hluta af landi Hrafnkelsstaða 3 L166764. Vinna við gerð merkjalýsingar þar sem viðkomandi skika verður skipt úr landi Hrafnkelsstaða 3 stendur yfir samhliða vinnslu deiliskipulags. Skipulagsmörkin ná yfir hluta af því svæði sem fær nýtt landnúmer og staðföng auk Hrafnkelsstaða 3 lóð L190288. Engin mannvirki eru til staðar innan skipulagsmarka en gert er ráð fyrir byggingarreit á einni nýrri íbúðarlóð. Áfram er gert ráð fyrir að landið sé flokkað sem landbúnaðarland.

Ofangreindar skipulagsáætlunir liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.fludir.is

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 10. október 2024 með athugasemdafresti til og með 1. nóvember 2024.

Mál 2 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 10. október 2024 með athugasemdafresti til og með 22. nóvember 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Ábyrgðarluti að kanna málið

Í raun má segja að það sé óábyrgt að fá ekki úr því skorið hvort þetta svæði í Árborg sé raunhæfur valkostur og þá betri eða öruggari en Hvassahraunið. Sveitarfélagið Árborg á um 710 hektara á umræddu svæði norðan við Stokkseyyri, sjá gulmerkt á mynd, sem telst víst rúmlega nóg undir slíka starfsemi. Þótt niðurstaðan yrði jákvæð úr rannsóknunum og samfélagið sátt við slíka uppbyggingu þá er engan veginn í höfn að yfirvöld eða einkaaðilar sjái hag í því að byggja slíkt mannvirki upp í framhaldinu. Kostirnir gætu þó verið ótvíræðir þegar horft er til möguleikanna í nærumhverfinu og á Suðurlandi.

Myndin sýnir það land sem Sveitarfélagið Árborg á í svokallaðri „Stokksarmýri“.

Sterkt svæði til að taka við flugvelli

Ætla má að erlendum ferðamönnum fjölgi áfram og víða eru tækifæri til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu. Því er brýnt að tryggja að sama skapi millilandaflug til og frá Íslandi. Við fyrstu hugsun finnst undirrituðum að þessi staðsetning á Suðurlandi



HUGLIND SÁLFRÆÐISTOFA SELFOSSI



Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur hefur opnað sálfræðistofu í Fjölheimum á Selfossi.

Sálfræðimeðferð, ráðgjöf, bjargráð og handleiðsla fyrir fullorðna.

Fagleg hjálp varðandi sálrænan heilsuvanda svo sem kvíða, depurð, þunglyndi, áföll, álag, missi og sorg. Sálfræðileg ráðgjöf og handleiðsla í kerfjandi stöðu, á vinnustað, í fjölskyldu eða við aðrar aðstæður. Sálfræðimeðferð og hjálp í gegnum breytingar og erfið lífstímabil, lausnir og bjargráð í samskiptum. Uppbygging, endurhæfing og leiðsögn til að ná betri heilsu og líðan eftir heilsuþrengingum, veikindi, skilnað, atvinnumissi og aðra lífsins storma. Sjálfsátt og stefnumótun í eigin lífi.

kristinlinda@huglind.is

KRISTÍN LINDA - HUGLIND
FJÖLHEIMUM SELFOSSI

Giftir ferðamenn í íslenskri náttúru

Ingveldur Anna Sigurðardóttir er lögfræðingur frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum. Hún starfar sem löglerður fulltrúi sýslumannsins á Suðurlandi. Eitt af þeim verkefnum sem hún færst við í vinnunni er að gefa fólk saman í hjónaband.

Var með 35 hjónavígslur árið 2023

Ingveldur hefur tekið að sér hjónavígslur frá því hún varð löglerður fulltrúi við embættið. „Samkvæmt 18. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 eru sýslumenn og löglerðir fulltrúar þeirra borgaralegir vígslumenn,“ tekur Ingveldur fram í samtali við Dagskrána.

Aðspurð að því hvort það sé mikið að gera í hjónavígslum segir Ingveldur það misjafnt. „Eina vikuna gæti ég verið með tvær til þrjár hjónavígslur og svo ekkert næsta mánuðinn. Mín starfsstöð er á Hvolsvelli og því mikið af falletum stöðum nálægt en flestar hjónavígslurnar fara fram á Selfossi. Það voru 198 hjónavígslur hjá embættinu árið 2023 og þar af var ég með 35.“

Reynisfjara vinsæll staður fyrir hjónavígslur

Einn af þeim stöðum sem eru vinsælir fyrir giftingar er Reynisfjara.

„Ég er búin að missa töluna á því hversu oft ég er búin að fara og gifta í Reynisfjöru. Svo er einnig algengt að fara í Víkurfjöru sem er að mínu mati fallett fyrir hjónavígslur þar sem það er mikið minna af fólki,“ tekur Ingveldur fram.

Ísland er ekki þekkt fyrir góða veðráttu og getur veðrið brugðist á stóra daginn. Ingveldur lenti í því þegar hún átti að gifta ferðamenn í Reynisfjöru. „Þá var alveg grenjandi rigning og brúðhjónin komu þrúðbúin og fín. Við afgreiddum vígsluna inni á skrifstofu með ræðu. Þeim fannst það bara mjög gaman og öðruvísi. Þau fóru a.m.k. skelli-hljæjandi út. Það er svo innbyggt í genin á okkur Íslendingum að redda hlutunum og ég reyni að gera það ef þetta kemur upp á.“

Hún segir það yfirleitt ekki trufla fólk að hafa mikið af öðrum ferðamönnum í kringum sig við hjónavígslur. „Ferðamenn sem gifta sig hérna eru yfirleitt bara tveir saman eða með sína allra nánustu með sér. Oft hafa ferðamenn klappað og ég vil meina að það séu bara fleiri gestir í vígslunni.“

Ferðamenn gifta sig frekar á ferðamannastöðum

Flestar hjónavígslur fara fram

á skrifstofum sýslumanna en aðrir staðir á Suðurlandi eru líka vinsælir. „Ég hef gift við Sólheimajökul, Skógafoss, Seljalandsfoss, Reynisfjöru og svo í heimahúsum hérna í kringum Hvolsvöll. Ferðamenn eru mest megnis að gifta sig við þessa hefðbundnu ferðamannastaði og Íslendingar vilja oftast vera hérna á skrifstofunni eða í heimahúsi,“ segir Ingveldur.

Algengara er að Ingveldur gifti erlenda einstaklinga í íslenska. „Það útskýrist líklegast af því hvar ég er staðsett. Fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins eru hérna í nágrenninu. Einnig er ekkert vandamál fyrir mig að keyra til Víkur heiman frá mér af því það er jafn langt og að keyra á Hvolsvöll.“

Brúðguminn gleymdi hringnum

Að lokum minnst Ingveldur á eftirminnileg atvik úr vinnunni. „Einu sinni gleymdi brúðguminn hringnum sem var svona frekar óheppilegt. Svo var ég að gifta við Seljalandsfoss og stóð á bílastæðinu að bíða eftir brúðhjónunum. Þá labbaði saklaus ferðamaður upp að mér sem var að velta fyrir sér gjaldtöku á bílastæðinu og spurði mig „Are you the parking master?“. Skil hann mjög vel, þar sem ég var



mjög formleg í klæðnaði, þ.á.m. með embættishúfuna.“

Ingveldur segir hjónavígslur vera meðal skemmtilegri verk-

efna í vinnunni. „Alltaf mikill heiður að fá að taka þátt í þessum degi hjá einstaklingum.“

EHJ



Ný Ölfusárbrú - lyftistöng öryggis og lífsgæða

Enginn er eyland þegar kemur það pólitísku lífi og starfi. Við erum öll hluti af félagslegu lífsverki sem er öðru fremur myndað af tengslum, tengslum sem lúta að sístæðu samtali og samráði. Þannig, og bara þannig, þróast stór og umfangsmikil verkefni á löngum tíma sem breyta til muna lífsgæðum fólks, í umhverfi lýðræðis. Hugmyndir breytast á milli ára, kjörtímabíla, meirihluta og minnihluta, ólíkra áherslna, stundum átaka, svo sátta og málamiðlana. Á endan-

um myndast fullmótað verkefni úr hugmynd - meitlað, sorfið og mótað af löngu samtali.

Ný Ölfusárbrú er á lokametrum fjármögnunar, engar líkur eru á öðru en að það klárast. Það samtal er einfaldlega hluti af því gangverki sem ég lýsti hér að ofan. Ný Ölfusárbrú er ekki heldur samgöngueyland. Hún er hluti af miklu stærra verkefni sem lýtur að uppbyggingu vegakerfis Suðurlands. Þannig er tvöföldun Hellisheiðar og nauðsynleg tilfærsla þjóðvegarins niður

Kambana m.a. stór hluti af þessari áætlun, sem talar saman sem ein heild. Áætlun sem breytir til muna lífsgæðum og öryggi vegfarenda og er unnin af okkar færustu sérfræðingum. Áætlun sem hefur farið í gegnum samtal og samráð, margs konar lýðræðisbrölt sem nauðsynlegt er – það sem stundum er kallað leikreglur lýðræðisins. Og þær ber okkur að heiðra.

Ný Ölfusárbrú mun rísa, og hún á eftir að verða mikil lyftistöng lífsgæða. Uppbygging

vegakerfisins á Suðurlandi er síðan mikilvægt hagsmunamál okkar allra sem stöndum að sveitarfélögum á svæðinu. Á svæðinu er einstakur uppangur sem kallar á kröftuga fjárfestingu hins opinbera – þar þurfa sveitarfélögin að ganga fram sem eitt í sinni kröfugerð. Þar hlýtur að vera ein af kröfunum að stórbæta leiðina um Þrengslin, mikill uppangur atvinnulífs á svæðinu þar kallar á betri innviði.

Þannig, með sameiginlegri



Pétur G. Markan

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

rödd, háværðum við árangur svæðisins – íbúum okkar allra til heilla og meiri lífsgæða. Það er okkar meginhlutverk sem að sveitarfélögum standa – að leiða fólk saman en ekki í sundur, til framtíðar.

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Níu keppendur unnu til 15 verðlauna á glímumóti um helgina

Haustmót Glímusambands Íslands fór fram á Laugum í Sælingsdal laugardaginn 5. október. HSK átti samtals níu keppendur í barna-, unglínga- og fullorðinsflokkum og unnu þau til 15 verðlauna og voru þar af 5 gullverðlaun.

Marín Laufey keppti í opnum flokki kvenna og +75 kg kvenna og sigraði hún báða flokka á meðan Heiðrún Fjóra lenti á eftir henni í öðru sæti í báðum þessum flokkum. Gústaf keppti einnig í tveim flokkum og sigraði hann -84 kg flokk karla en gerði sér þriðja sætið að góðu í opnum flokki karla.

Jóhannes nældi sér í þrenn silfur en hann keppti í +74 kg

unglingaflokki karla, +84 kg flokki karla og opnum flokki. Í hópnum var svo afmælisbarn en Óskar Freyr varð 17 ára á mótstæði og hann náði sér í tvenn bronsverðlaun þar sem hann keppti í bæði +74 kg unglíngaflokki og í +84 kg flokki karla.

Af öðrum keppendum er það að segja að Björgvin Guðni, bróðir Óskars Freys, lenti í öðru sæti í flokki 15 ára drengja. Tveir drengir náðu sér svo í gullverðlaun en Gísli Svavar í flokki 13 ára drengja og Torfi Guðjón í flokki 12 ára drengja lentu báðir í fyrsta sæti. Síðustu verðlaunin vann svo hún Kristín María en hún varð í þriðja sæti í 11 ára flokki stelpna. „Þetta var

glæsilegur árangur hjá þeim á fyrsta móti vetrarins og má með sanni segja að glíman fari vel af stað hjá Skarphéðni,“ segir í tilkynningu frá sambandinu.

Næsta mót er Iceland Open en þar er keppt í glímu og hryggspennu í unglínga- og fullorðinsflokkum. Mótið verður haldið helgina 26.-27. október í Vogum á Vatnsleysuströnd en hægt er að fylgjast með mótum og viðburðum Glímusambands Íslands á Facebook og Instagram. Fyrir alla áhugasama um glímu eru æfingar á nokkrum stöðum á Suðurlandi og hægt að nálgast allar upplýsingar á samfélagsmiðlum og á heimasíðu sambandsins glima.is.

Frábær árangur á haustmóti JSÍ

Haustmót JSÍ var haldið þann 5. október í Íþróttahúsi Akurskóla, Njarðvík.

Á mótinu voru 75 keppendur frá níu félögum. Judodeild UMFS sendi frá sér sex keppendur sem tóku tvö gull, fimm silfur og eitt brons.

Styrmir Hjaltason keppti í -73 kg í U18, U21 og fullorðins og var með medalíu í öllum flokkum. Sigurður Hjaltason sem er núverandi Íslandsmeistari vann sínar viðureignir örugglega og tók gullið í -100 kg. Mikael Ólafsson vann gullið í U18 og átti góðar glímur í U21.

Árangur var:

Jónas Gíslason 2. sæti U13 -55 kg.
Sigurður Hjaltason 1. sæti Senior +100.
Styrmir Hjaltason 2. sæti í U21 -73 kg og senior. 3. sæti í U18.

Gestur Maríasson 3. sæti u18 -60 kg.
Mikael Ólafsson 1. sæti U18 -81kg og 2. sæti í U21 Sveinbjörn Ólafsson 2. sæti í U15 -66 kg.

UMFS



Selfoss með sigur í fyrsta leik

Opnunarleikur 1. deildar karla í körfubolta fór fram fimmtudaginn 3. október í íþróttahúsi Vallaskóla. Þar tóku Selfyssingar á móti Þór Akureyri.

Gestirnir byrjuðu leikinn betur og leiddu nær allan

fyrsta leikhlutu. Selfyssingar náðu þó að jafna í 30-30 undir lok hans. Selfyssingar leiddu í hálfleik með stöðuna 61-57. Þeir áttu svo seinni hálfleik skuldlausan og endaði leikurinn 114-97 fyrir Selfyssingum.

Hamar lagði KV í fyrsta leik

Hamar spilaði föstudaginn 4. október sinn fyrsta leik í 1. deildinni eftir endurkomu úr efstu deild. Þeir tóku á móti nýliðum KV úr Vesturbænum. Spilað var í Frystikistunni í Hveragerði fyrir fullri stúku áhorfenda.

Fyrsti leikhlutur byrjaði betur hjá heimamönnum en þeir komust í 28-24. Í öðrum leikhlutu komust gestirnir í gang og fóru inn í hálfleik með sjö stiga forskot, 40-47.

Seinni hálfleikur var mjög jafn framan af og var hart barist. Eftir þriðja leikhlutu voru Hamarsmenn komnir í ágætis forystu, 73-64, sem þeir héldu til enda. Lokatölur voru 103-88 Hamarsmönnum í vil.

Stigahæstur var Jaeden King, leikmaður Hamars, með 36 stig.

Hamri er spáð beint upp í Bónus-deildina á meðan KV er spáð síðasta sæti í deildinni.



Íþróttálfurinn í Lindex-höllinni á Kids Athletics-daginn

Laugardaginn 12. október mun Frjálsíþróttasamband Íslands halda Kids Athletics-daginn í fyrsta sinn og verður hann haldinn í Lindex-höllinni á Selfossi frá kl. 10:00 – 12:00. Kids Athletics-dagurinn er fyrir krakka á aldrinum 8-11 ára.

Íþróttálfurinn mætir á svæðið kl. 10:20 og verður með sameiginlega upphitun með krökkunum áður en farið er í þrautabrotirnar. Einnig verður fremsta frjálsíþróttafólk Selfoss á staðnum til þess að hvetja krakkana áfram.



Flottur árangur Selfyssinga á Íslandsmóti TKÍ

Taekwondo-deild Selfoss átti þrjá keppendur á Íslandsmóti TKÍ í formum sem haldið var í Kópavogi um helgina. Þau enduðu öll á palli og var Umf. Selfoss í þriðja sæti í heildarstigakeppninni á mótinu.

Veigar Elí Ólversson vann til gullverðlauna í einstaklingsflokki Cadet B karla.

Laufey Ragnarsdóttir vann til bronsverðlauna í einstaklingsflokki Cadet B kvenna.

Veigar og Laufey unnu svo til gullverðlauna í para formum í sama aldursflokki.

Veigar, Laufey og Loftur Guðmundsson unnu svo einnig til gullverðlauna í hópa formum í Cadet B.



Ungt fólk og lýðheilsa 2024

Ungmennaráð Hruna-
mannahrepps og Ung-
mennaráð Skeiða- og Gnúp-
verjahrepps fóru saman á ráð-
stefnununa UNGT FÓLK OG
LÝÐHEILSA 2024 sem hald-
in var að Reykjum í Hrutafirði
á vegum UMFÍ dagana 20.
– 22. september. Ráðstefnan
hefur verið haldin í 15 ár eða
frá árinu 2009.

Saman komu um 100 ung-
menni úr ungmennaráðum af
öllu landinu. Hópurinn fékk
yfirgripsmikla fræðslu um
líkamlega, andlega og félags-
lega heilsu á laugardegi. Á
sunnudegi gafst þeim tækifæri
til þess að ræða við áhrifaþólk

úr pólitík, ráðherra o.fl. og
koma áherslum ungs fólks á
framfæri. Þann dag klæddust
ungmenni bleikum fatnaði til
minningar um Bryndísi Klöru,
sem lést af sárum sínum eftir
að hafa orðið fyrir hnífaárás á
Menningarnótt í ágúst.

Ráðstefnan er mikilvægur
vettvangur fyrir ungmennin en
ekki síður mikið tækifæri fyrir
starfsfólk sveitarfélaganna til
þess að kynna kollegum um
land allt og bera saman bækur.


*Fyrir hönd ungmennaráða
beggja sveitarfélaga,
Þórarinn Guðni Helgason*

Megum við húa í þig?

Við hjá Landsvirkjun viljum komast í samband við minni fyrirtæki, einyrkja eða einstaklinga sem gætu tekið að sér ýmis verkefni með skömmum fyrirvara á athafnasvæðum okkar á Suðurlandi.

[Skráðu þig á lista yfir verktaka sem við skoðum þegar verkefni bjóðast!](#)

Allar upplýsingar og skráning á
landsvirkjun.is/verktakar-oskast



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TÝND DÝR



Týnd læða

Prílit inni læða týndist á Selfossi
6.okt. Hún er örmerkt og með ól
sem stendur Mía á s. 866 3191.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
10. október kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 10. sept. kl. 14:45
Alviðra fræðslusetur.
Auður I. Ottesen.

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólk 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Þrjónahópur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrishiolti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrishiolti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrishiolt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrishiolti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Bleik messa kl. 11:00 á sunnu-
dag. Við fáum vitnisburð frá
maka krabbameinssjúklings.
Boðið verður uppá smurningu í
lok messunnar. Prestur er Ása
Björk og um tónlistina sjá Edit
organisti og meðlimir kirkjukórs-
ins. Öll sem það geta eru hvött
til að mæta í einhverju bleiku eða
með slaufuna.

Sunnudagaskólinn er einnig
bleikur og er klukkan 11:00 í
safnaðarheimilinu, undir stjórn
Sjafnar og leiðtoganna. Öll hjart-
anlega velkomin!

Kyrrðarbæn á þriðjudögum kl
12:00

Þriðjudagssamvera: Gestur
okkar verður Guðný Ingvars-
dóttir, sem fjalla mun um reynslu
sina af Vestmannaeyjargösinu.
Guðný er fyrrverandi sóknar-
nefndarkona. Einnig fáum við
heimsókn frá Unglingakór kirkju-
unnar sem syngur undir stjórn
Editor Á Molnar.

Morgunbæn á miðvikudögum
kl. 10.

Krosskirkja

Guðsþjónustuna kl. 11 í Kross-
kirkja þar sem Guðjón Halldór
Óskarsson spilar á orgelið og
kirkjukórinn leiðir söng. Sr. Axel
Á Njarðvík þjónar fyrir altari.
Verið öll velkomin.

Breiðabólstaðarkirkja

Guðsþjónustuna kl. 13 í Breiða-
bólstaðarkirkja þar sem Guðjón
Halldór Óskarsson spilar á org-
elið og kirkjukórinn leiðir söng.
Sr. Axel Á Njarðvík þjónar fyrir
altari. Verið öll velkomin.

Marteinstungukirkja

Lokaguðsþjónusta sr. Halldóru
fyrir Marteinstungu- og
Hagasöfnuði verður sunnud. 13.
okt. kl. 14.00 og kaffi í safnaðar-
heimilinu á eftir.

Sunnudaginn 27. okt. bjóða
sóknarnefndir prestakallsins í
sameiginlegt kaffisamsæti á
Laugalandi kl.14.30 þar sem sr.
Halldóra verður kvödd.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudaginn 13. október
kl. 11. Sr. Kristín Þórunn Tómas-
dóttir og Bergþóra Ragnarsdóttir
djákni þjóna. Jón Bjarnason
leikur á orgel hálf tíma fyrir at-
höfn. Innilega velkomin!

Tónleikar Karlaðs Stokk-
hólms og Karlaðs Selfoss kl.
16 sama dag. Ókeypis aðgangur.

HEILSA

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsniir breyta
deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Þjáist þú
af einhverju
eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælmi
Fíkn • Krónískir verkir
Fortíðar draugar • Afóll
Gömul afóll
Kvíði • Þráhyggja

Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi

Hugræn endurforritun

Dáleiðsla, heilun,
samtalsmeðferð

Svandís Birkisdóttir
svandisb@gmail.com
Sími 835 8555



Bólusetning vegna inflúensu og Covid

Bólusetning gegn inflúensu
og Covid verður í boði fyrir
67 ára og eldri íbúa Árborgar
miðvikudaginn 16. október frá
klukkan 10:00-12:00. Bólu-
sett verður í gamla matsalnum
í Grænumörk 5. Gengið er um
aðalinngang.

Bólusetning gegn inflúensu
fyrir almenning byrjar einnig
16. október. Einstaklingar 60 ára
og eldri og einstaklingar með
undirliggjandi sjúkdóma geta
bókað tíma á sinni heilsugæslu
í síma 432 2000.

Sóttvornalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri
- Börn fædd 2020 eða síðar sem náð hafa 6 mánaða aldri við bólusetningu
- Öll börn og fullorðnir sem þjáist af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, offitu, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Barnshafandi
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Fólk í starfstengdri áhættu vegna samsmits árlegrar inflúensu og fuglainflúensu.

Persónulegar jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum
okkar getur þú t.d.
útbúið **kort, dagatöl**
og **myndabækur**.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Upplstur Skálds sögu í Leikfélagi Selfoss

Leikfélag Selfoss blæs til Lkvöldstundar kringum glóðvolga Skálds sögu Steinunnar Sigurðardóttur í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi laugardaginn 12. október klukkan 20:00. Húsið opnar 19:30. Valinkunnið leikfélagsfólk stígur á stökk. Íris Blandon, Hafsteinn Hafliðason og Hannes Blandon. Steinunn segir frá Skálds sögu - sem hefur undirtitilinn 74 kaflar úr höfundarlífinu. Skálds saga er einstakt allsnægtaborð að hætti Steinunnar þar sem bornar eru fram misfyndnar sögur af skáldlegum og óskáldlegum höfundardögum fyrri og síðari tíma á Selfossi, í Tókíó, Reykjavík, París og Skaftafellssýslu, svo aðeins fáir staðir séu nefndir. Einnig er hér að finna útlistanir á því hvaða aðferðir reynast þessum margreynda höfundi notadrjúgar - til dæmis við að blása lífi í skáldsagnapersónur. Meðal kaflaheita eru: Bersöglisljóð smámeyjar, Hvaðan koma hugmyndir höfundarins? og Kúnstinn að taka ritstjórn. Dagskráin verður um einnar klukkustundar löng. Boðið er upp á léttar veitingar og Skálds saga verður til sölu á tilboðsverði.

Það telst til tíðinda að þetta haustið á Steinunn 55 ára skáldafmæli, en ljóðabókin Sífellur kom út þegar hún var 19 ára. Hún hefur alfarið helgað sig ritstörfum frá því hún hætti að



vinna sem fréttamaður útvarps árið 1980. Steinunn er einn virtasti höfundur þjóðarinnar og hefur í gegnum tíðina sent frá sér jöfnum höndum skáldsögur og ljóð. Tímaþjófurinn er ein þekktasta skáldsaga Steinunnar. Hún var kvikmynduð með frönskum stórstjörnum og sett á Þjóðleikhússvið árið 2017, í rómaðri uppfærslu þar sem Nína Dögg Filippusdóttir lék söguhejtuna Öldu Ívarsen. Nýjasta skáldsaga Steinunnar, BÓL, hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2024. Er það í annað sinn sem verk eftir hana hlýtur þau - í fyrra skiptið skáldsagan Hjarta-staður árið 1996.

Steinunn og maðurinn hennar, Þorsteinn Hauksson tónskáld, festu kaup á einbýlishúsi á Selfossi 1997 þar sem þeim

líkar vel að vinna og vera, ekki síst á sumrin. Þau hafa um langa hríð haft vetursetu að mestu erlendis, í París, Berlín og Suður-Frakklandi sérstaklega. Þau eiga núna annað heimili í grennd við París, í miðaldabænum Senlis.

Leikfélag Selfoss er eitt virkasta leikfélag landsins, en undanfarin tvö ár hafa staðið yfir endurbætur á Litla leikhúsinu sem eru enn í gangi og því hefur starfsemin verið í lágmarki. Nú eru endurbætur svo vel á veg komnar að fyrsta frumsýning haustsins verður kringum mánaðamótin október-nóvember. Þessi notalega kvöldstund hefst kl. 20:00 laugardaginn 12. október í Litla leikhúsinu við Sigtún og eru öll velkomin.

Opin vinnustofa hjá Guðrúnu Tryggvadóttur

Í tilefni af mánuði myndlistar og menningarmánuði í Árborg opnar Guðrún Arndís Tryggvadóttir vinnustofu sína að Sóltúni 9 á Selfossi sunnudaginn 13. október frá kl. 11:00 til 18:00 og býður alla hjartanlega velkomna að kíkja við og skoða verk sín.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir er fædd í Reykjavík en hefur búið á Suðurlandi síðan 2006. Guðrún nam við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og fór síðan í framhaldsnám til Parísar og þaðan til München þar sem hún hlaut ædstu verðlaun akademíunnar við útskrift. Guðrún sneri aftur til Íslands eftir átján ára útiveru um aldamótin 2000. Eftir heimkomuna urðu náttúruvernd og umhverfismál henni æ mikilvægari sem varð til þess að hún stofnaði og rak umhverfis-

vefinn Náttúran.is um tíu ára skeið.

Frá árinu 2017 hefur hún starfað sem landvörður, skálavörður og yfirlandvörður og nú í sumar starfaði hún sem sundlaugarvörður í Sundhöll Selfoss. Meðfram listsköpun sinni rekur hún fræðslu- og útgáfufélagið Listrými sem stendur fyrir útgáfu og ýmsum námskeiðum og fræðsluverkefnum um listir og menningarsögu.

Guðrún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, bæði á sviði umhverfismála og menningarmiðlunar fyrir myndlist sína.

Verk hennar byggja á sterkum hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni en hún gerir sífellt tilraunir með nýja tækni og frásagnaraðferðir í list sinni.



Á opnu vinnustofunni eru bæði olíumálverk í öllum stærðum sem og vatnslitaverk og teikningar til sýnis og sölu.

Nánar má lesa um feril Guðrúnar á tryggvadottir.com.

Hrútasýning Hrunamanna framundan

Árleg hrútasýning Sauðfjár-ræktarfélags Hrunamanna verður haldin í reiðhöllinni á Flúðum laugardaginn 12. október nk. kl. 13. Keppit verður í hinum ýmsu flokkum. Rollubingóíð verður á sínum stað og íhaldsmaður sýningarinnar verður útnefndur. Þá fer fram keppni í hrútaþukli. Heitt verður á könnunni og mikið af falletgu fólk og fé.

Öll eru hjartanlega velkomin!



Dori Thrastar Photography

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Auglýsingum skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna athugasemda við eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

Arnberg - Olís - Deiliskipulag lóðar L162959 Bókun Bæjarstjórnar Árborgar 2.10.2024:

Tillaga frá 34. fundi skipulagsnefndar frá 25. september sl., liður 7. Arnberg - Olís - Deiliskipulag lóðar L162959. Lögð er fram tillaga að nýju eftir athugun Skipulagsstofnunar dags. 9.9.2024, fyrir lóðina Arnberg L162959 á Selfossi. Skipulagsstofnun bendir á í yfirferð sinni að leggja þurfi fram mat á umhverfisáhrifum tillögunnar til samræmis við gr. 5.4 í skipulagsreglugerð, m.t.t sjónrænna áhrifa og mögulegrar mengunar þvottastöðvar. Þá er bent á skörun í afmörkun deiliskipulags við deiliskipulag Fossness frá 2007. Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti umhverfismat Ask Arkitekta dags. 18.9.2024 og uppfærðan uppdrátt dags. 18.9. 2024, og mælist til við Bæjarstjórn Árborgar að samþykka uppfærðan uppdrátt Ask arkitekta auk umhverfismats, og fela skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu bæjarstjórnar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og í B-deild Stjórnartíðinda. Þá leggur nefndin til að í framhaldinu verið farið í að skoða þá skörun á aðliggjandi deiliskipulagi.

Bæjarstjórn samþykkir umhverfismat Ask Arkitekta dags. 18.9.2024 og uppfærðan uppdrátt dags. 18.9. 2024 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu bæjarstjórnar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í B-deild Stjórnartíðinda. Bæjarstjórn tekur bæjarráð undir að í framhaldinu verið farið í að skoða þá skörun á aðliggjandi deiliskipulagi. Bragi Bjarnason, D-lista og Fjóla St. Kristinsdóttir, D-lista, tóku til máls. Tillagan er borun undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 11 atkvæðum.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi



Römpum upp Ísland með 33 rampa á Sólheimum

Það kviknaði mikil gleði meðal íbúa Sólheima þegar vaskir starfsmenn verkefnisins *Römpum um Ísland* fóru að sjást í hádegismat í mótuneyti Sólheima á ný núna á haustdögum. Um svipað leyti í fyrra voru þeir líka fastir gestir á Sólheimum og settu niður sextán nýja og mikilvæga rampa. Í ár var sú tala rúmlega tvöfölduð og enda þeir

á að færa Sólheimum 33 rampa alls í byggðarhverfinu. Fókusinn var að þessu sinni settur á bætt aðgengi að þjónustubúðum í Undirhlíð en einnig að mikilvægum þjónustubyggingum.

„Starfsfólk og íbúar Sólheima eru einstaklega þakklát fyrir samstarfið. Jarðvegssig og aldur bygginga á Sólheimum hefur gert það að verkum að

aðgengi þar hefur verið ábótavant eins og annars staðar. *Römpum upp Ísland* hefur leyst þessa skekkju að miklu leyti með stakri snilld og skapandi lausnum. Við óskum þeim velfarnaðar í áframhaldandi verkefni sínu að bættu umhverfi og betra aðgengi á Íslandi,“ segir í tilkynningu frá Sólheimum.

Moskvít gefur út sína aðra plötu



Hljómsveitin Moskvít gefur út sína aðra plötu föstudaginn 11. október. Platan heitir *Superior Design* og eru öll lögin á plötunni komin út nema eitt, *Something Good*.

„Platan okkar *Superior Design* er loksins komin út í heild sinni á streymisveitur. Þessi plata hefur verið lengi í vinnslu hjá okkur og kom öll út í singles á streymisveitum. Platan fjallar um óendanlega leit mannsins að fullkomnun og sú leit endar ekki alltaf vel. Spurningin er hvað fólk meinar með fullkomnun. Er leitinn að æskubrunninum þess virði eða er betra að lifa lífinu og kveðja að lífinu loknu? Er grasið grænna

hinum megin eða ekki og er það þess virði að fara þangað eða rækta eigin garð? Er nóg að vera maður eða þarf að yfirstíga það og verða eitthvað meira? Er nóg að hafa það gott eða þarf það að vera fullkomið? Lagið *Something Good* fjallar um mann sem hefur komið sér í sviðsljósið. Hann er sjarmerandi og eftirsóttur. Þær áhættur sem hann tekur geta kostað hann helling. Hann verður fyrir skotárás sem gæti kostað hann lífið eða komið honum í sögubækur. Það eru til margar leiðir til að lifa lífinu og sumir leitast eftir frægð, frama og auði en aðrir leita inn á við, umhverfið í kringum sig og sumir einfaldlega fljóta með,“

segir hljómsveitin í tilkynningu til Dagskrárinnar.

Kranabíll-Vörubíll Vatnsbíll

Grabbi,Grjótkló,
Mannkarfa,Glerblöðkur
Vatnstankur-Vagn-Brettakló

Sími:789-5555



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubilstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is